

Áfangalýsing

Titill	Starfskynning háriðna 1
Námsgrein	Starfskynning
Viðfangsefni	
Skammstöfun	HSTA1HG02
Staða	
Þrep	1
Einingafjöldi	2
Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla	HSTA1HG02
Lýsing	Markmið áfangans er að kynna fyrir nemandanum sem flesta þætti fagsins og sem fjölbreyttastan starfsvettvang. Hér kynnist hann ólíkri vinnustaðamenningu og samvinnu en þetta er undirbúningur fyrir frekara nám í faginu. Nemandinn fær fræðslu um það hvað felst í því að vera fagmaður í hársnyrtiiðn og innsýn í daglegt starf á hársnyrtistofu. Lagður er grunnur að sjálfstæði, siðferðisvitund og gagnrýnni hugsun í námi. Ferlibók hársnyrtiiðnar er kynnt og virkni hennar.
Forkröfur	HSNY1HG04
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • starfi fagmannsins á ólíkum sviðum. • mikilvægi heilbrigðs lífstíls, góðra samskipta og framkomu. • mikilvægi þess að setja sér persónuleg markmið. • mikilvægi fagmannlegrar framkomu og góðra samskipta. • þjónustu á vinnustað. • Virkni ferlibókar. • Hæfnikröfur starfs hársnyrta.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • iðka kurteisi og vandaða framkomu. • sinna verkefnum sem lögð eru fyrir á vinnustað af alúð. • bera virðingu fyrir ólíku vinnuumhverfi og menningu.
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • framkvæma hárpvott og höfuðnudd á vinnustað. • bera ábyrgð á verkfærum og áhöldum, sjálfum sér og öðrum. • sýna sjálfstæði í þeim verkum sem hann innir af hendi. • skilja virkni ferlibókar og geta útskýrt hana fyrir öðrum.
Námsmat	Símat
Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	